

153. löggjafarþing 2022–2023.

Þingskjal 277 — 274. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um eflingu landvörslu.

Flm.: Jódís Skúladóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að hlutast til um að gerð verði markviss áætlun um eflingu landvörslu. Sérstök áhersla verði lögð á fjölgun starfa og heilsársstöðugilda í landvörslu með auknu fjármagni. Við áætlunargerðina verði skoðað hvort þörf sé á endurskipulagningu verkefna í landvörslu.

Greinargerð.

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með náttúruverndarsvæðum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, en landverðir starfa, skv. 80. gr. sömu laga, í þjóðgörðum og á öðrum náttúruverndarsvæðum víðs vegar um landið, svo sem innan þjóðgarðsins á Þingvöllum og Vatnajökulsþjóðgarðs.

Athugasemd:

Frá því fyrrnefnd lög voru sett hefur margt breyst hvað varðar umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða. Á árinu 2013 voru störf sem sneru að landvörslu og umsjón nánast eingöngu sumarstörf. Í dag hafa orðið miklar breytingar og störfin sem sinna þessum málaflokki eru orðin fjölbreyttari og er sinnt bæði af verkafólki og háskólamenntuðum sérfræðingum. Að draga eina starfsstétt út úr hvað varðar mikilvægi er tímaskekkja og lýsir í raun mikilli vanþekkingu á þeim störfum sem starfsfólk stofnana ríkisins sinnir í þessum málaflokki.

Landverðir annast daglegan rekstur og umsjón í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlanir, sinna fræðslu og upplýsingagjöf, sinna eftirliti á náttúruverndarsvæðum ásamt því að taka á móti gestum í gestastofum.

Athugasemd:

Landverðir eins og aðrir starfsmenn ríkisins vinna samkvæmt þeim starfslýsingum sem þeim eru settar. Dæmi eru um að stofnanir séu með sérstakan fræðslufulltrúa og settar hafa verið fræðslustefnur sem landverðir, þjónustufulltrúar í gestastofum og aðrir verkamenn hafa til hliðsjónar í sínum störfum. Landvörður sem hefur tekið 110 klst. námskeið annast ekki daglegan rekstur og umsjón náttúruverndarsvæða. Ábyrgð á þeim þáttum bera aðrir, s.s. yfirmenn svæða eins og framkvæmdastjóri og þjóðgarðsverðir en starfsmenn vinna í umboði þeirra. Þá eru ríkisstofnanir eins og t.d. Vatnajökulsþjóðgarður með viðamiklar miðlægar einingar sem bera ábyrgð á einstökum grunnþáttum.

Störf landvarða eru margbreytileg en það ræðst meðal annars af fjölbreyttri náttúru, ólíkum fjölda og samsetningu ferðamanna og mismunandi aðstæðum á svæðunum. Mikil fjölgun ferðamanna undanfarin ár hefur í för með sér aukin verkefni og víða er ágangur á viðkvæm svæði kominn að þolmörkum. Landverðir skipa lykilhlutverk í umsjón og eftirliti með svæðum en einnig fræðslu og upplýsingagjöf til fólks.

Athugasemd:

Landverðir bera ekki sérstaka ábyrgð á rekstri svæða, það gera aðrir en þeir eru einn hlekkur í langri keðju og óþarft að draga þá starfsstétt út úr og gera hlut annara starfsstétta um leið minni með slíkri ályktun og hér um ræðir.

Utanvegaakstur er vandamál í náttúruvernd sem hefur gríðarleg og oft óafturkræf áhrif á viðkvæma náttúru. Einna áhrifaríkast hefur verið að nota forvirkar aðferðir, nýta landverði til að upplýsa fólk og reyna þannig að hafa áhrif og koma í veg fyrir skemmdarverk sem oft eru framkvæmd af gáleysi eða að fólk áttar sig ekki á reglunum og afleiðingum sem brot á þeim hafa. Þessi aðferð hefur borið góðan árangur á ýmsum svæðum innan Vatnajökulsþjóðgarðs, til að mynda við Kreppubrú á norðurhálandinu þar sem vegalandvarsla hefur

verið til staðar, sem og í samstarfi Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs að Fjallabaki. Þannig hefur dregið úr utanvegaakstri á svæðunum þrátt fyrir mikla fjölgun ferðamanna á undanförunum árum. Vegalandsvarsla, þar sem gestir eru boðnir velkomnir á svæðið af landverði og upplýstir um ástand vega og þjónustu, hefur tvímælalaust áhrif út fyrir hlutaðeigandi svæði.

Athugasemd:

Hér væri nær að líta til þess að herða viðurlög við utanvegaakstri þannig að sektir og viðurlög spegluðu amk. kostnað við að lagafæra það sem aflaga fer. Verulega hefur dregið úr utanvegaakstri á liðnum árum og er þar fræðslu og viðhorfsbreytingu fyrst og fremst að þakka. Ekki vegalandsvörslu því þessi árangur er huglægt metinn en byggir ekki á staðreyndum.

Varðandi vegalandsvörslu þá er það ekki alþingis að álykta um gæði lögbrota en lögreglan hefur ein heimild til að stöðva fólk á vegum landsins alveg sama hve göfugur tilgangurinn er. Fræðslu er hægt að sinna með markvissari og áhrifaríkari hætti s.s. með upplýsingapóstum, snjöllum lausnum o.fl..

Til þess að standa vörð um íslenska náttúru, eina af okkar mikilvægu auðlindum, er ljóst að efla verður landvörslu á markvissan hátt og fjölga landvörðum bæði á háannatíma sem og á heilsársgrundvelli.

Athugasemd:

Til þess að standa vörð um íslenska náttúru á að gera það með fræðslu og aftur fræðslu og í dag og til framtíðar lítið er það ekki lausnin að fjölga starfsfólki ríkisins til fjalla. Það er afar dýr lausn og rökréttast er að nýta snjallar tæknilausnir í þessu samhengi. Í dag er of lítið gert í því.....

Annað:

Þingsályktun þessi er óþörf í alla staði. Landverðir með fullri virðingu fyrir þeirri starfsstétt er einfaldlega einn af mörgum hlekkjum í flókinni og viðamikilli keðju og rangt að upphefja hana sem slíka á kostnað annara stétta sem starfa beint og óbeint í og við málaflokkinn.

Samantekt:

Valbjörn Steingrímsson